

**83. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
8. maí 2018 og hófst hann kl. 18:30.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

Formaður óskar eftir, með vísan til samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar, að taka á dagskrá með afbrigðum mál. nr. 1805082 (Aðalsteinn - nýtt örnefni á Akranesi). Málið verður nr. 5 á dagskránni.

**Fyrir tekið:**

**1. 1805071 - Deilisk. Smiðjuvalla - breyting**

Kynning á áformum að breyttu skipulagi Smiðjuvalla, vegna lóða við Smiðjuvelli 12-24.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Páli Gunnlaugssyni arkitekt fyrir góða kynningu. Ráðið tekur jákvætt í framkomnar hugmyndir.*

**2. 1803087 - Dalbrautarreitur - útboðsgögn**

Kynning á tilboði vegna útboðs á Dalbrautarreit.

*Eitt tilboð barst í byggingarrétt á Dalbrautarreit.*

*Leigufélagið Bestla ehf., kr. -204.785.000*

*Í tilboði felst:*

*Kauptilboð Bestla í byggingarátt vegna Dalbraut 4, kr. 125.415.000  
Söluverð Bestla í þjónustumiðstöð aldraða á Dalbraut 4, kr. -330.200.000  
(samkv. skilalýsingu, riflega fokhelt húsnæði).*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gengið verði til samninga við leiguféligið Bestla varðandi Dalbraut 4, að því tilskyldu að það uppfylli ákvæði úthlutunar- og útboðsskilmála vegna sölu byggingarréttar á Dalbraut 4 og 6 og á Þjóðbraut 3 og 5.*

*Jafnframt leggur Skipulags- og umhverfisráð til við bæjarráð að þær lóðir sem ekki komu tilboð í þ.e. Þjóðbraut 3, Þjóðbraut 5 og Dalbraut 6 verði settar á lóðarlista til úthlutunar með þeim skilyrðum sem fram komu í úthlutunar- og útboðsskilmálum vegna sölu byggingarréttar á Dalbraut 4 og 6 og á Þjóðbraut 3 og 5.*

### 3. 1802357 - Aðalsk. Grenjar - breyting

Farið yfir umræður frá kynningarfundi sem haldinn var miðvikudaginn 2. maí s.l.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að taka saman greinargerð um umsagnir og ábendingar sem borist hafa vegna skipulagslýsingar. Jafnframt verði tekinn saman útdráttur um umræður sem urðu á kynningarfundi sem haldinn var 2. maí s.l.*

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárið.

### 4. 1709090 - Aðalsk. Akraneshöfn - aðalhafnagarður

Farið yfir umræður frá kynningarfundi sem haldinn var miðvikudaginn 2. maí s.l.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að taka saman greinargerð um umsagnir og ábendingar sem borist hafa vegna skipulagslýsingar. Jafnframt verði tekinn saman útdráttur um umræður sem urðu á kynningarfundi sem haldinn var 2. maí s.l.*

### 5. 1805082 - Aðalsteinn - nýtt örnefni á Akranesi

Erindi Landmælinga Íslands um nafnið Aðalstein sem nýtt örnefni á steini við Langasand.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar innseint erindi og samþykkir fyrirliggjandi tillögu Landmælinga um að steinn við Merkjaklapp sbr. mynd er fylgir erindinu fái heitið Aðalsteinn.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45.

Kindr Brandsson  
Rukel Óskarsdóttir  
Valgerður L. Þóra  
Knutur Þorgerðarðóttir  
Kaitas Jónsdóttir  
Jóndri Birgisson  
Steður Þorsteinn  
Sig. P. H  
Dældes Sig. ik